



16. fundur miðstjórnar

haldinn þann 12 október 2012

Dagskrá:

- 1 Fundargerð síðasta fundar
- 2 Þing ASÍ
 - a Skjöl til umræðu
 - b Ný skjöl - Drög að ályktun um ESB - Drög að ályktun um kjaramál
- 3 Trúnaðarmannaráðstefnan
- 4 Leigu- og samstarfssamningar
- 5 Önnur mál
 - a FLM

Mættir: Kristján Þórður Sæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Haraldur Arnbjörnsson, Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Brynjar Svansson, Jón Ingi Skúlason, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvarts, Davíð E Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Bára Halldórsdóttir.
Forföll boðuðu: Guðrún Bergþórsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Þing ASÍ verður dagana 17.-19. október n.k.
Öll skjöl varðandi þingið hafa verið send út á sameiginlegt svæði miðstjórnarmanna á Google docs og hafa fundarmenn kynnt sér þau.
Kristján kynnti nokkur mál sem liggja fyrir þinginu m.a. lagabreytingar sem liggja fyrir og tillögur sem Verkalýðsfélag Akraness hefur lagt fram. Önnur fjallar um afnám verðtryggingar og fór hann yfir þá tillögu og rýndi í gagn og afleiðingar þeirra. Kristján minnti á að samningsumboðið er hjá verkalýðsfélagunum ekki hjá ASÍ, ef endurskoðun kjarasamninga í janúar heldur ekki. Umræður sköpuðust um þingið og þau málefni sem liggja frammi.
ASÍ hefur sett fram tvær ályktanir aðra um ESB og hina um kjaramál. Þær hafa verið sendar þingfulltrúum og eru í fylgiskjali með fundargerð.
Kristján spurði fundarmenn hvernig ætti að tækla ESB og voru menn sammála að ekki sé rétt að hætta við núna, það þarf að klára verkefnið og leggja fyrir þjóðina. Að sjálfsgöðu hefur forseti ASÍ leyfi til að tjá sínar skoðanir hvort sem þær snúa að ESB eða öðru.



3. Trúnaðarmannaráðstefnan

Kristján lagðir fram drög að dagskrá ráðstefnunar. Ráðstefnan verður með hefbundnu sniði og eru drögin aðgengileg á sameiginlegu svæði. Stefnt er að því að hafa vinnuhópa um efnahagsmál og undirbúa okkur fyrir komandi vetur og samningsgerð, ef kjarasamningar halda ekki. Drög að ráðstefnunni voru samþykkt en fundarmenn eru hvattir til að koma með tillögur.

Kristján fór einnig yfir drög að fjárhagsáætlun næsta árs og lagði þau fram. Ítrekað er að þetta eru drög og á eftir að endurskoða marga liði. Kristján leggur til að orlofsnefndin leggi fram framkvæmdaráætlun varðandi viðhald sem er brýnt að fara í. Endanleg fjárhagsáætlun mun liggja fyrir miðstjórn 25. okt og verður tekin fyrir á ráðstefnunni.

4. Leigu og samstarfssamningar RSÍ, Matvís og FBM hafa verið staðfestir og undirritaðir.

5. Önnur mál.

Kristján sagði frá FLM, Félag lykilmanna. Þetta kallast „gul félög“, og eru þau algeng t.d. í Danmörku en félagsgjöldin eru 0,05 % og eingöngu er greitt í sjúkrasjóð þessa félags (fyrir utan félagsgjaldið). ASÍ er að athuga hvort þetta standist lög. Umræða skapaðist um þetta félag og fyrir hverja það er hugsað.

Kristján tilkynnti að við þurfum að fá nýjan formann kjörstjórnar þar sem formaður kjörstjórnar gefur ekki kost á sér áfram. Ákveðið var að það mál yrði tekið fyrir á næsta fundi. Rætt var um starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Kristján sýndi myndir af framkvæmdum í Vaglaskógi.

Fundi slitið kl 15:20

Fundargerð ritaði

Bára Halldórsdóttir